

## Dagskrá

---

### ***109. fundur í stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar þriðjudaginn 23. febrúar 2021***

***kl. 08:30*** Mættir *Inga Dóra Halldórsdóttir, Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Hrefna B.*

*Jónsdóttir, Steinunn Fjóra Benediksdóttir varamaður Sigursteins Sigurðssonar og Bragi Þór Svavarsson skólameistari.*

*Fundargerð ritaði Helena Guttormsdóttir*

#### **Dagskrá:**

**1. Inga Dóra setur fundinn og bauð fólk velkomið.**

**2. Fundargerðir síðustu tveggja funda bornar undir fundarmenn.**

Fundargerðir samþykktar án athugasemda. Skrifað undir fimm fundargerðir.

**3. Ársreikningur 2020**

**4. Helga Karlsdóttir fjármálastjóri fór yfir helstu lykiltölur. Henry Örn Magnússon frá Endurskoðun og ráðgjöf fór yfir endurskoðendaskýrsluna í gegnum fjarfundabúnað.**

Vinnu við ársreikning er að ljúka. Staða skólans er sterk, en fram kemur að viðbótarframlag fékkst vegna covid og fjölgunar nemenda. Vinnu við ársreikning ekki fyllilega lokið og samþykkt að boða til aukafundar í stjórn 5. mars þar sem farið er yfir skýrslu endurskoðanda og lokaútgáfu ársreiknings.

**5. Nemendagarðar Ársreikningur Nemendagarða 2020 kynntur. Henry Örn Magnússon frá Endurskoðun og ráðgjöf og Helga Karlsdóttir)**

Engar athugasemdir frá stjórn voru vegna ársreiknings. Stjórnarformaður bar upp tillögu um að fella niður skuld Nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar við Menntaskóla Borgarfjarðar Samþykkt með meirihluta atkvæða. Helgi Haukur sat hjá.

**6. Farið yfir stöðu mála varðandi húnsæði Nemendagarða.**

Skólameistari fór yfir nokkrar sviðsmyndir. Skólameistara falið að hafa samband við SSV og fá kynningu á stöðu verkefnis um samþættingu skóla og frístundaaksturs og



## MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR

almenningsgangna. Einnig samþykkt að skoða húsnæði B59 á næsta stjórnarfundum, þann 30. mars.

### **7. Nemendafélag Fulltrúar nemendaráðs koma og segja frá sínu starfi og kynnast stjórn.**

Farið yfir starfsemi klúbba og félagsstarf á covid tíma. Rýmri sóttvarnarreglur gefa tilefni til bjartsýni á að halda árshátíð og fara í skíðaferð.

### **8. Bifröst. Skólameistari fer yfir samstarf MB og Bifrastar.**

Nú þegar er samstarf um þrjá áfanga. Skólameistara falið að halda áfram viðræðum um aukið samstarf þessara skóla..

### **9. Almennt um skólastarfið**

KVAN var með námskeið með nemendum í upphafi annar og gekk mjög vel, ánægja mikil meðal nemenda og starfsfólks vegna þess. Farið var yfir kosti og galla við vinnustofur og breytingar á kennslustundalengd í 60 mín og að seinka upphafi skóladags til kl 9.00. Ljóst að hluti þessara breytinga er kominn til að vera. Fyrirsjáanlegt er að kennslukostnaður 2021 verður meiri en árið á undan og er það vegna þess að stór árgangur kom inn í skólann í haust og því fleiri hópar.

### **10. Önnur mál**

Stjórnarformaður vakti athygli á því að starfsreglur stjórnar hafa ekki verið uppfærðar frá 2013 og lagði til að Hrefna B. Jónsdóttir og stjórnarformaður tækju að sér að gera drög að uppfærðum starfsreglum stjórnar. Það var samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.36